Námsáætlun 7. bekkur

Smáraskóli

Náttúrufræði

Tímar á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag.

Viðfangsefnum náttúrufræðinnar er skipt niður í lotur og þannig unnið með ólík þemu á hverju tímabili sem taka mið af ákveðnum hæfniviðmiðunum. Á haustin og vorin erum við með útikennslu og nýtum náttúruna til að fara út í könnunarleiðangra, söfnum efniviið og upplifum hlutina á eigin skinni. Við vinnum þemaverkefni um plöntur, dýr og fugla þar sem nemendur nýta upplifun sína og afla sér frekari upplýsinga á veraldarvefnum. Í hverri lotu eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir til að auka gæði námsins og virkja nemendur með ólíkum hætti. Notast verður við kennslubækurnar Líf á landi og Jörð í alheimi ásamt aukaefni innan náttúruvísindanna sem taka á hæfniviðmiðum.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Nemandi getur: ● **greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.** ● **greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.** ● **rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum**	**Geta til aðgerða**	● **Þemaverkefni um nærumhverfið.** ● **Auðvitað - Heimilið.** ● **Evrópa, tekið í samfélagsfræði.**	

aðgerðum sem varða eigið umhverfi. ● tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.			
● fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru	Nýsköpun og hagnýting þekkingar.	● Auðvitað - Heimilið	
● gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri. ● lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum ● tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu	Gildi og hlutverk vísinda og tækni.	● Auðvitað - Heimilið ● Tilraunir og skýrslugerð	Svara spurningum úr Auðvitað Skila skýrslu úr tilraun
● tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa. ● lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni. ● tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð. ● tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Ábyrgð á umhverfinu.	● Auðvitað - Heimilið. ● Heimsmarkmiðin - þemaverkefni	

• **framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.** • **útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum** • **aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr efni á öðru tungumáli en íslensku** • **beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.** • **kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur** • **sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt** • **hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.**	**Vinnubrögð og færni.**	• **Á við í allri vinnu náttúrufræðinnar.**	
• **útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu.** • **gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.**	**Lífsskilyrði manna.**	• **Heimsmarkmiðin, þemavinna** • **Þemadagar tengdir Grænfánaverkefninu.**	
• **lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi** • **lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt** • **lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland**	**Náttúra Íslands**	• **Líf í sjó** • **Fjöruferð**	• Verkefni úr Líf í sjó • Skýrsla úr Fjöruferð

• **útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér**			
• **bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi**	**Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.**	**Auðvitað - Heimilið**	
• **gert grein fyrir notkun manna á auðlindum** • **lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna**	**Heilbrigði umhverfisins**	**Auðvitað - Heimilið**	**Verkefni og próf úr Auðvitað**

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi:	• Geti lesið einfaldan fræðitexta sér til gagns og geti nýtt sér myndrænar upplýsingar. • Læri að lesa í náttúruna með því að taka vel eftir því sem þar er.
Sjálfbærni:	• Læri að umgangast náttúruna, læri á nýtingu hennar og náttúruvernd.

Heilbrigði og velferð:	● Fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. ● Geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð og tileinki sér heilbrigða lifnaðarhætti. ● Læri að meta fegurð náttúrunnar og njóta samvista við hana.
Lýðræði og mannréttindi:	● Taki þátt í lýðræðislegum samræðum um álitamál er tengjast náttúruvísindum og umhverfismálum. ● Hafi val um ákveðna námsþætti og efnistök.
Jafnrétti:	● Þroski með sér virðingu og samkennd gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi.
Sköpun:	● Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun og verkefnavinnu með ólíkri framsetningu eftir verkefnum.